

Nd.

3. Frumvarp

til fjáráukalaga fyrir árin 1916 og 1917.

(Lagt fyrir Alþingi 1917)

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin, sem talin eru á fjárlögunum 1916 og 1917, veitast kr. 291,592,58 til útgjalda þeirra, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við 13. gr. fjárlaganna (samgöngumál) veitast	kr. 58,633,09
1. Við B. II. og III. Til afhendingar vega 10,000 kr. hvort árið	— 20,000,00
2. Við B. IV. Til vegarins frá Vogastapa til Grindavíkur 1914—15	— 5,927,32
3. Við E. III. c. Ingólfshöfðavíti 1916, þaraf endurveiting 2,670 krónur, umframgreiðsla kr. 1,331,49	— 4,001,49
4. Við E. III. f. $\frac{2}{3}$ af kostnaðinum við þokulúður á Dalatanga 1917 7,000 kr. og endurbót húsakynna 4,000 kr.	— 11,000,00
5. Við E. V. Ýmislegt 1916. Til kaupa á mótörflutningabát ...	— 17,704,28
Alls	kr. 58,633,09

3. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju- og kenslumál) veitast kr. 14,250,00.

1. Við B. I. a. Viðbót við laun Einars Arnórssonar fyrverandi ráðherra 1917	kr. 2,750,00
2. Við I. b. 1. Fyrir tæki til rannsókna og líkskoðunarstofn. ...	— 3,000,00
3. Við X. 3. Styrkur til námskvenna færast upp í 60 kr. um mánuðinn 1917	kr. 1,350,00
Við X. 4. Húsaleiga 1916, viðbót..	— 30,00
Við X. 4. Viðbót við húsaleigu og ræsting 1917	— 120,00
4. Við XI. 1. Kvennaskólinn í Reykjavík árið 1917	kr. 2,500,00
Við XI. 4. Kvennaskólinn á Blönduós árið 1917	— 1,500,00
Við XIII. b. Flensborgarskólinn	— 3,000,00
Alls	kr. 14,250,00

4. gr.

Sem viðbót við 15. gr. fjárlaganna (til visinda, bókmenta og lista) veitast kr. 60,800,00.

1. Við 20. lið. Til Bjarna Jónssonar frá Vogu fyrir að þýða Goethes Faust, viðbót árið 1917	kr. 800,00
2. Við 22. lið. Til viðbótar við áður veittar 10,000,00 kr. árið 1917	— 60,000,00
	Alls kr. 60,800,00

5. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (til verklegra fyrirtækja) veitast kr. 28,423,38.

1. Við 3. b. Til áveitunnar á Miklvatnsmýri 1917	kr. 3,191,98
2. Við 3. b. Uppbót á akkorði um skurðagröft s. st.... .. .	— 3,500,00
3. Við 4. lið (fjárl. 1914 og 1915). Til fyrirhleðslu Skálmarrinnar í Álfaveri, gegn jafnmiklu eða meiru annarstaðar frá... .. .	— 1,050,00
4. Við 22. lið (fjárl. 1914 og 1915). Til erindreka Sambands isl. samvinnufjelaga 1917 (endurveiting)... .. .	— 2,000,00
5. Til varnargarðs á Siglufjarðareyri 1916	— 18,681,40
	Alls kr. 28,423,38

6. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (til eftirlauna og styrktarfjár) veitast kr. 1,750,00.

1. Til landritara Kl. Jónssonar, viðbót við biðlaun hans 1. febr. til 31. júlí 1917.. .. .	kr. 1,000,00
2. Til ekkjufurúar Önnu Ásmundsdóttur frá 1. október 1916 til ársloka	kr. 75,00
Til þriggja barna hennar fyrir sama tíma... .. .	— 75,00
Fyrir árið 1917 fyrir hana sjálfa	— 300,00
Fyrir börn hennar sama ár	— 300,00
	— 750,00
	Alls kr. 1,750,00

7. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast kr. 127,036,11.

1. Laun og kostnaður bankastjóra Björns Sigurðssonar í London 1916	kr. 10,850,00
1917	— 20,000,00
	kr. 30,850,00
2. Styrkur til íslenskra botnvörpuskipaeigenda til utanfarar sendimanns	— 2,694,00
3. Til breytingar á stjórnarráðshúsinu, geymsluhúsi þess og geymsluskúr.	— 27,000,00
4. Til endurgreiðslu á fje opinberra sjóða og stofnana, sem stóð inni í dánarbúi Guðlaugs Guðmundssonar	— 23,388,37
5. Til bráðabirgðaviðgjörðar á Landsbankarústunum	— 13,103,74
6. Til kolanámurannsókna	— 20,000,00
7. Til styrktar rjómabúunum til að geta starfað sumarið 1917	— 10,000,00
	Alls kr. 127,036,11

8. gr.

Sem viðbót við 22. gr. fjárlaganna (kaup á Melkotslóð) veitast 700 kr.

9. gr.

Landsstjórninni veitast heimildir til þess:

1. Að selja Landsbankanum lóð á horninu á Hverfisgötu og Kalkofnsveg, svo stóra sem bankanum nægir, fyrir 13 kr. feralinina, samkvæmt framfögnu mati. Skuldabryf landssjóðs fyrir andvirði landsbankarústanna gangi til greiðslu á þessari lóð. Afgangurinn greiðist í peningum.
2. Að selja prestaskólubúsið fyrir ákveðið verð eftir óvilhallra manna mati.
3. Að gefa Iðunni í Reykjavík sömu greiðsluiviltanir, sem verksmiðjan Gefjun á Akureyri hefir fengið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Við 1. gr.

Við 1. Fjárveitingin er nauðsynleg til þess að skila vegunum af sjer, sem aðrir eiga að taka við.

Við 2. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu fór þess á leit í brjefi frá 19. jan. 1917, að sýslunni yrðu veittar á fjárlögunum allt að 12,500 kr. til að fullgera akveginn frá Vogastapa til Grindavíkur, sem var áætlaður helmingur af kostnaði sýslunnar til þess að fullgera veginn.

Eftir að fengið hefir verið álit landsverkfræðingsins um málið, hefir stjórnarráðið fallist á, að leita aukafjárveitingar fyrir kr. 5927,32, sem er helmingur af kostnaði þeim, sem Gullbringusýsla hafði lagt til þessa vegar 1914 og 1915. Útgjöldin til vegarins 1916 hafa verið greidd af fje því, sem ætlað er til akfærra sýsluvega (13. gr. B. VI) og verður kostnaðurinn til vegarins 1917 greiddur af sama lið til hálfis á móti sýslufjelaginu kr. 5,330,69.

Stjórnarráðið leggur til með þessari aukafjárveitingu, og það þess heldur, sem áður hefir verið veittur hálfur kostnaður við veginn milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur um langt árabíll, síðast 1914, en sýslan vinnur mjög kappsamlega að vegagjörðinni, sem er alveg nauðsynleg.

Við 3. Ingólfshöfðavitinn. Hann var fullgerður 1916, og kveikt var á honum 1. ág. sama ár. Til vitabyggingarinnar voru veittar árið 1915 kr. 16,000,00 og greiddar voru sama ár — 13,330,00

Mism. kr. 2,670,00

Fyrir mismuninum er nú beðið um endurfjárveitingu. En þar sem vitinn kostaði fullger kr. 17,331,49, hefir orðið umframgreiðsla á honum sem nemur. — 1,331,49
svo fjárveitingar er leitað fyrir kr. 4,001,49

Við 4. Í fjárlögunum 1916 og 1917 voru veittar fyrra árið 14,000 kr. til þokulúðurs á Dalatanga, og hafði Hafnarsjóður Seyðisfjarðarkaupstaðar lofað leggja til 6,000 kr. Eftir brjefi landsverkfræðings vitamála 8. febr. 1917,

hafði hann í utanför sinni fengið tilboð um efni og áhöld, sem kostuðu 31,500 kr., og það tilboð samþykkti landsstjórnin. Í viðbót við fjárveitinguna 1916 og 1917 er þess vegna farið fram á 7,000 kr. fjárveitingu, sem þarf til þess að verkið verði framkvæmt. Seyðisfjarðarkaupstaður mun leggja 10,500 kr. til þokulúðursins.

Til húsabóta við vitann er nauðsynlegt að byggja eina hæð ofan á vitavarðarhúsið, sem vegna timburs, sem til er, og ýmislegra annara hagsmuna, mun fást fyrir 4,000 kr.

Við 5. Af því að strandferðirnar fjellu niður, og af því að sumir vitarnir standa á stöðum, þar sem ekkert stórt skip fæst til að koma nærri, varð að kaupa mótorbát til flutninga bæði á byggingarefnum og kolum og steinoliu til vitanna. Án þess hefðu sumir vitarnir ekki orðið byggðir og útbúnir með nauðsynjum. Mótorbáturinn heitir »Óskar« og er 19,26 lestir að stærð, hann kostaði 15 þús. kr., sem með viðgerðum komst upp í kr. 17,704,28, og fyrir þeim er nú leitað aukafjárveitingar.

Við 3. gr.

Við 1. Þegar ráðherra Einar Arnórsson fór frá ráðherrastöðunni, fjekk hann konungsúrskurð fyrir 3 þús. kr. eftirlaunum. En svo bauðst hann til að taka prófessorsstöðuna við lagadeild háskólans, þá er hann hafði áður haft á hendi, með því móti, að hann nyti þar fullra launa eins og hann hefði aldrei farið úr stöðunni, og að hann nyti svo mikils af ráðherræftirlaunum sínum á hverjum tíma, að tekjur hans af hvorutveggja yrðu árlega 6 þús. kr.

Háskólaráðið rjedi eindregið til, að honum væri þegar veitt prófessorsstaðan með þessum kjörum. Ráðuneytinu þótti þó ekki rjett að ganga lengra en að setja prófessorinn í stöðuna fyrst um sinn með þessum kjörum, þangað til það fengi að vita um undirtektir Alþingis, hvort það vill fallast á að prófessornum sje veitt staðan með þessum kjörum, sem eru nokkru ódýrari fyrir landssjóð en ef prófessorinn tæki sín fullu ráðherræftirlaun, og að annar maður væri settur í prófessorsstöðuna.

Við 2. Það sýnist ekki verða hjá því komist að setja á fót rannsóknar- og líkskodunarstofnun við háskólann. Í fjárlögunum 1916—17 voru veittar síðara árið 2,800 kr. til kenslu í líffærameinafræði og sóttkveikjufræði. En þessi fjárveiting verður gagnslaus, ef þá fjárveitingu, sem hjer er farið fram á, vantar. Sá maður, sem læknadeild háskólans hefir augastað á, hefir sagt, að komast mætti af með 3 þús. kr. til að koma stofnuninni á fót, og það hefir stjórnarráðið samþykkt.

Við 3. Styrkinn til námskvemma hefir orðið að færa upp í 60 kr. um mánuðinn í stað 45 kr. áður. Hækkunin verður 90 kr. fyrir hverja námskonu í 6 mánuði, en 1,350 kr. fyrir 15 nemendur. Húsaleigu hefir orðið að hækka um 10 kr. á mánuði, þegar haustið 1916, en hita og ræsting um 10 kr. á mánuði frá ársbyrjun 1917. Hækkunin á mánuði frá 1. jan. 1917 verður þannig 20 kr.

Við 4. Það er ekki annað fyrirsjáanlegt, en að skólarnir verði að hætta

vegna dýrtíðarinnar, þar á meðal ekki sist vegna þess geypiverðs, sem er á kolum og ljósum, nema að fjárveitingarnar til þeirra sjeu hækkaðar eins og hjer er farið fram á.

Við 4. gr.

Við 1. Á aukáþinginu 1916—17, samþykkti neðri deild Alþingis að í fjárveitingunni í fjárlögunum fyrir 1916—17, 15. gr. 20. lið, mætti veita docent Bjarna Jónssyni 1,200 kr. fyrir árið 1917. Nefnd sú, sem úthlutar styrknum á þessum lið, veitti honum að eins 400 kr.

Mismunurinn, 800 kr., er því tekinn hjer upp í fjáraukalögin.

Við 2. Áætlun sú, sem lögð var fram á Alþingi 1915 yfir húsbyggingu yfir myndasafn Einars Jónssonar, 10 þús. kr., reyndist alt of lág. Bæði var húsið, sem ætlast er til að rúmi allar myndir Einars Jónssonar, sem nú eru til, og sem hann siðar kann að afhenda safninu, og ibúð og vinnustofu fyrir hann sjálfan, of lágt áætlað, og svo steig alt efni og vinna svo mjög, eftir að áætlunin var gerð, og hefir alt af verið að stíga siðan.

Efnið, að sumu leyti, sem keypt hefir verið til byggingarinnar, svo sem cement, sem keypt hafði verið með skaplegu verði, hefir verið tekið til annara þarfa landssjóðs, sem eigi varð komist hjá, en sem vitanlega gerir bygginguna dýrari, nema flutningsgjöld lækki bráðlega að mun. Þar sem cement er nú alls ekki til hjer, er fjáraukalögin eru samin, er ómögulegt að gera neina ábyggilega áætlun um, hvað kostar að fullgera húsið. Í ágústmánuði 1916 mun hafa verið giskað á, að húsið, eins og þá var ákveðið að það skyldi vera, mundi kosta um 40 þús. kr. Vildi þáverandi stjórn ekki byrja á byggingunni, nema trygging fengist fyrir 20 þús. kr. framlagi annarstaðar frá, sem stjórnin þó lofaði að leggja til við þingið að endurgreiða, ef upphæðin yrði lögð fram í bili. Hins vegar lofaði stjórnin að leggja fram 20 þús. kr. til byggingarinnar, sem hún og gerði. Einstakir menn skutu nú saman um 20 þús. kr., sem notaðar hafa verið til byggingarinnar að nokkru leyti.

Með því að húsið er nú hált-bygt, og að landið á safnið, sem enn bíður í Kaupmannahöfn, þá virðist eigi verða komist hjá að veita það fje til að fullgera bygginguna, sem með þarf. Eins er eðlilegast að landið eitt eigi húsið, en eigi í fjelagi við einstaka menn, úr því landið á safnið. Hjer er því lagt til, að veittar verði alt að kr. 60,000.

Við 5. gr.

Við 1. Fjárveitingin við 1. lið er nauðsynleg til að fullgera verkið og til að bæta fyrir jarðaspjöll. Landsverkfræðingurinn sundurliðar fjárveitinguna þannig:

Eftir ógreitt af akkorðsvinnu þeirra Ág. Helgasonar og Gests Einarssonar... ..	kr. 2700,00
Landspjöll á Mjósundi og Forsæti... ..	— 900,00
	<hr/>
	kr. 3600,00

Upp í siðarnefnda liðinn hafði landsverkfræðingurinn til kr. 408,02. Mismunurinn kr. 3191,98 er því tekinn inn í fjáraukalögin.

Við 2. Þeir Ág. Helgason og Gestur Einarson á Hæli hafa skrifað stjórnarráðinu og bent á, að þeir vegna sjúkdóma, sem gengu í sýslunni, hafi

ekki getað fengið nóg verkafólk í upphafi, eða fyrir sláttinn, en kauphækkun síðar og aðrar ástæður hafi orðið þess valdandi, að verkið hafi orðið svo miklu dýrara en áætlað var í fjárlögunum. Þeirra kostnaður hafi orðið og verði alls kr. 22798,98
 en áætlunin, sem þeir fóru eftir, hafi verið — 13000,00
 og gera því kröfu til kr. 9798,98

Af kröfu þeirra vill landsverkfræðingurinn taka til greina 3500 kr., og er sú upphæð tekin í frumvarpið.

Við 3. Í fjárlögunum 1914 og 15 voru veittar til fyrirhleðslu Skálmarinnar í Álftavershreppi fyrra árið 1000 kr. gegn þúsund kr. annarstaðar frá. Þegar það hefir sýnt sig, að fyrirhleðslan nægir ekki, hefir verið farið fram á það, og Búnaðarfjelag Íslands gefið því meðmæli sín, að bætt yrði enn við fyrirhleðslu kr. 2100,00
 En af þeim leggi landssjóður fram kr. 1050,00
 Búnaðarfjelag Íslands ¹/₅ — 420,00
 en ábúendur á jörðunum, sem not hafa verksins ... — 630,00 — 2100,00
 og ef verkið fer fram yfir ætlun, að þeir leggi það einnig fram.

Við 4. Í fjárlögunum 1914 og 15 voru veittar síðara árið . kr. 4000,00
 en útborgaðar voru — 2000,00
 Nú er farið fram á endurveitingu á kr. 2000,00
 sem ekki voru greiddar þá.

Við 5. Til varnargarðs á Siglufjarðareyri voru greiddar 1916 kr. 18681,40, því eyrin, sem er eign prestssetursins, lá undir skemdum af sjávangangi. Á eyrinni eru lóðir, sem eru leigðar út fyrir 3—4 þús. kr. árlega, og sem eru eign landssjóðs. Verkinu til að verja hana hefir verið stjórnað af landsverkfræðingi Th. Krabbe, og það sýndi sig þegar stormflóðið bar að á Siglufirði síðast, að verkið var þarfaverk.

Við 6. gr.

Við 1. Fjárveitinganefndir beggja deilda á aukapinginu 1916—17 samþyktn, að landritari Klemens Jónsson, sem fór frá fyrirvaralaust, skyldi halda fullum launum í 6 mánuði.

Við 2. Ásgeir heitinn Torfason, maður frú Önnu Ásmundsdóttur, var mörg ár í landsins þjónustu með litlum launum. Við fráfall hans stóð hún eftir fátæk með 3 börn, án eftirlaunarjettar. Þegar ástæður hafa verið líkar, hefir Alþingi hvað eftir annað veitt styrk, eins og hjer er farið fram á, og farið er fram á í fjárlagafrumvarpinu 1918 og 1919 fyrir hennar hönd.

Við 7. gr.

Við 1. Útgjöld þessi munu eigi þurfa neinnar sjerstakrar skýringar við.
 Við 2. Ástæðurnar fyrir þessari aukafjárveitingu eru í umsókn hlutaðeiganda.

Við 3. Húsrúmið í stjórnarráðshúsinu hefir síðari árin verið af svo skornum skamti, að á sumum skrifstofunum hefir ekki verið rúm fyrir svo

marga menn, sem þurfti til að inna af hendi hin sívaxandi störf. Þegar ráðherrarnir urðu þeir — í stað eins ráðherra og landritara — skorti ráðherra-herbergi og biðstofu handa einum þeirra. Stjórnin hefir því ekki sjeð sjer annað fært, en að stækka húsið með því að byggja kvist á austurhlið þess, sem samsvaraði kvistinum á vesturhliðinni, flytja dyravörðinn út í geymsluhúsið og breyta því í íbúðarhús fyrir hann. Með þessu móti fæst húsrúm, sem komist verður af með um sinn fyrir stjórnarráðið eitt saman. Breytingin er ætlast á að kosti 27000 kr.

Við 4. Lögð verða fyrir þingið þau skjöl, sem að þessum lið lúta.

Við 5. Þegar rak að því, að landsstjórnin þurfti að fara að byrgja landið með kornvörum, var mjög örðugt að fá húsrúm fyrir þær. Stjórnin rjeð því af, að setja þak til bráðabyrgða yfir Landsbankarústirnar, og að setja í þær hurðir og glugga, til þess að geta notað þær til geymslu á vörum landssjóðs.

Við 6. Liður þessi er eigi bygður á neinni áætlun, því áætlun um slíka námurannsókn er alls eigi hægt að gera, enda hlýtur hjer fremur að vera um námuleit að ræða en námurannsókn. Upphæðin er því sett af handahófi, og verður stjórnin að fá heimild til að nota meira fje í þessu skyni á þessu ári, ef þess er þörf.

Við 7. lið. Útlit er fyrir, að rjómabúin muni eiga all-örðuga aðstöðu þetta ár að geta haldið starfsemi sinni áfram, og að það gæti valdið örðugleikum eftirleiðis að halda þeim nauðsynlega félagsskap saman áfram, ef smjörbúin legðust nú niður. Það er því lagt hér til að veittar séu 10 þúsund kr. smjörbúunum til styrktar á þessu ári.

Við 8. gr.

Samkv. heimild í fjárlögum fyrir 1916 og 1917, gerði stjórnin kaupsamning við eiganda Melkotslóðar um, að kaupa þá lóð, sem er 1400 ferálnir, fyrir kr. 1,50 feralin eða 2100 kr. En af því seljandinn gerði sig ekki ánægðan með þetta verð, áskyldi hann, að kaupsamningurinn gengi úr gildi, ef næsta Alþingi ekki samþykkti, að greiða 700 kr. meira fyrir lóðina, þannig að hann fengi 2 kr. fyrir hverja feralin.

Þar sem lóðina má skoða ódýra þrátt fyrir þessa verðhækkuð, er lagt til að þessar 700 kr. verði veittar.

Við 9. gr.

Við 1. Í 22. grein fjárlaganna fyrir 1916 og 1917, var stjórninni heimil að að kaupa Landsbankarústirnar með brunabótafje og lóð eftir mati dómkvaddra manna, og skyldi Landsbankinn fá upp í kaupverðið alt að 1200 fermetra lóð á Arnarhólstúni eftir virðingu, en afgangurinn að greiðast með skuldabryjfi.

Nú varð niðurstaða þessa máls sú, að landsstjórnin keypti bankarústirnar, og gaf út skuldabryjef fyrir kaupverðinu, en eigi varð af því, að bankinn fengi neina lóð hjá landssjóði. Hjer er því lagt til, að endurnýja heimildina, og að heimila bankanum að fá keypta lóð eftir þörfum, með því óvist er um

hversu mikla lóð hann þarfnast, þar sem enginn uppdráttur mun enn vera gerður af væntanlegu bankahúsi.

Við 2. Lagt er til að heimilað sje að selja gamla prestaskólahúsið eftir mati, með því eigi er líklegt að landssjóður geti notað þá lóð i eigin þarfir.

Við 3. Klæðaverksmiðjan Iðun hefir farið fram á að íá sömu afborgunarkjör á láni sínu, eins og klæðaverksmiðjan Gefjun hefir fengið, og er lagt til að veitt verði heimild til þess.